

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚLÍ 2014

7. tbl. 21. árg.



**S. 581 15 15**  
3 staðir 1 símanúmer  
Gnoðaryogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Félagsmiðstöðvarnar í Breiðholti iða af lífi og fjöri þessa sumardaga sem endra nær. Krakkarnir hafa tekið sér eitt og annað fyrir hendur og farið víða um í skoðunar- og kynnisferðir. Hér eru nokkrir krakkar úr Miðbergi við Brautryðjandann stytta Einars Jónssonar á Austurvelli. Sagt er frá sumarstarfinu í félagsmiðstöðvunum í máli og myndum á bls. 8 og 9.



**Sveinsbakari**  
Hólagarði og Arnarbakka

**Lyfjaval**  
**APÓTEK**  
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD  
**BÍLAAPÓTEK**  
HÆÐASMÁRA 4  
opið 10-23 alla daga



**PANTAÐU**  
**Á NETINU**  
www.dominos.is sími 58-12345

**Opið allan sólarhringinn**  
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka  
**Iceland**

„Auðvitað er stórt skref að kaupa íbúð“

Allt sem skiptir máli um íbúðalán á [landsbankinn.is/istuttumali](http://landsbankinn.is/istuttumali)

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



# ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

**Apótekið**  
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

## Sumartilboð

Svínakótilettur

Verð áður 1.898 kr./kg.

Verð núna 1.298 kr./kg.

Kjúklingabringur

Verð áður 2.859 kr./kg.

Verð núna 2.274 kr./kg.

Coca Cola 2 Lítra

Verð áður 314 kr.

Verð núna 198 kr.

Cambert Smurostur

Verð áður 453 kr.

Verð núna 419 kr.

Svínahnakki

Verð áður 1.698 kr./kg.

Verð núna 1.298 kr./kg.

Heill Kjúklingur

Verð áður 1.149 kr./kg.

Verð núna 898 kr./kg.

 **Pín ver slun**  
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788  
- á traustum grunni

# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

7. tbl. 21. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Pisa er ekki hverfismál

Eftir að niðurstöður PISA rannsóknarinnar í einstökum skólum borgarinnar voru birtar hafa sjónir beinst að Breiðholti. Spurningar hafa vaknað um hvort nemendur þar og þá einkum í Efra Breiðholti standi verr að vígi en nemendur annarra borgarhverfa. Ástæður þess hvernig einstakir skólar koma út í rannsókn sem þessari geta verið margar en nokkuð ljóst virðist að tvítýngdir nemendur eða þeir sem eiga sér annað móðurmál en notað er í skólastarfinu þurfa á sérstakri athygli og jafnvel kennslu að halda þegar kemur að mál- og lesskilningi.

Niðurstöður PISA rannsóknarinnar hljóta að kalla eftir athugun á því hvort skólakerfið er nægilega búið undir að fást við móðurmálskennslu – í þessu tilviki íslenskukennslu þegar fjölbreytt málsamfélag á í hlut. Ljóst má vera að gefa verður þessari kennslu meiri gaum en verið hefur og veita skólum betri tækifæri til þess að sinna þeim kröfum sem gera verður til að börn af erlendum uppruna og þau sem búa við tvítýngi standi jafnfætis þeim sem eiga sér aðeins eitt móðurmál. Tugumálakunnátta barna og ungmenna sem eiga sér erlendan uppruna og alast upp að hluta eða öllu leyti við tvö tungumál er ekki einkamál barnanna og foreldra þeirra. Tungumálakunnátta er einnig mál skóla og fræðsluyfirvalda. Ekki má líta á niðurstöður PISA sem hverfismál einstakra bygginga eða einstakra skóla heldur eru þær áminning um verk sem íslenskt samfélag verður að sjá til þess að verði unnið.

## Útilist í Breiðholti

Sú nýbreytni borgaryfirvalda í Reykjavík að fá listamenn til þess að skapa verk á veggjum bygginga í Breiðholti eða fá verk þeirra til uppsetningar er bæði athyglis- og áhuga-verð. Með þessu móti er unnið að því að skreyta stóra steypa fleti sem lítið gefa frá sér annað en litlausan gráma en einnig er verið að færa listform og list til almennings. Með veggskreytingum koma þessi verk fyrir augu íbúa og annarra sem leið eiga um umhverfið. Þau koma fyrir augu mun fleiri en verk sem eru geymd í söfnum en rata ef til vill á sýningar stöku sinnum og sum aldrei. Allt of lítið er gert að því að færa myndlist til almennings. Bæjar- og sveitarfélög hafa um margra áratuga skeið fært fólki ritlist til að njóta. Öflug starfsemi bæjar- og héraðsbókasafna ber því vitni. Með veggskreytingum í Breiðholti hefur Reykjavíkurborg sýnd fordæmi er myndlistina varðar.

[www.breiðholt.is](http://www.breiðholt.is)

Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS  
APÓTEK**  
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • [www.gardsapotek.is](http://www.gardsapotek.is)

# Ókeypiss íþróttæfingar fyrir börn og unglinga



Frá æfingum á lóð Fellaskóla.

Áhugavert verkefni er nú í gangi í Efra-Breiðholti, en það snýst um að boðið er upp á ókeypis íþróttæfingar fyrir börn og unglinga. Æfingarnar eru fjölbreyttar og ætlaðar börnum í 3. til 8. bekk grunnskóla.

Æft er á þriðjudögum og fimmtudögum á lóð Fellaskóla. 3. til 5. bekkur æfir kl. 15:00 til 16:15 og 6. til 8. bekkur æfir kl. 16:15 til 17:30. Fjölbreytni er í íþróttgreinum og líf, fjör og gleði í fyrirrími, en greinarnar sem verða stundaðar í sumar eru handbolti, körfubolti, frjálsar og fótubolti. Í lok æfinga er síðan farið í lífsleikniæfingar.

Æfingarnar eru haldnar á vegum verkefnis sem heitir SAMSPIL, en stjórnandi þess er Eva Dögg Guðmundsdóttir, cand. mag. í uppeldis- og kennslufræði og menningar- og innflytjendafraeði. Eva Dögg segir að verkefnið sé sérstaklega hentugt fyrir þá sem hafa ekki tekið virkan þátt í íþróttastarfi eða hafa áhuga á að kynnast öðrum krökkum í rólegu og afslöppuðu umhverfi. Hún hvetur alla krakka til að kíkja á æfingar og prófa íþróttirnar, en eins og áður segir eru þær ókeypis fyrir alla og því sérstaklega



Verkefnið er sérstaklega hentugt fyrir þá sem hafa ekki tekið virkan þátt í íþróttastarfi eða hafa áhuga á að kynnast öðrum krökkum.

hentugar fyrir þá sem eru ekki vissir og vilja prófa án skuldbindingar. Verkefnið er styrkt af ÍTR og unnið í samvinnu við ÍR, Leikni

og Þjónustumiðstöð Breiðholts. Færir þjálfarar á vegum félaganna annast æfingarnar. Verkefnið verður í gangi út júlímánuð.

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

**vís**



Kristinn Rúnar Kjartansson

kristinnk@vis.is

Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

**VÍS** – þar sem tryggingar snúast um fólk

# Nýtt útilistaverk á Asparfelli 2 til 12

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri steig upp á lyftara laugardaginn 5. júlí sl. til að afhjúpa vegglistaverkið Fjöðrina eftir Söru Riel sem komið unnið hefur verið á fjölbylishúsinu Asparfelli 2 til 12. Veggmyndin Fjöðrin er samsett úr 43 fuglum af 23 tegundum sem skapa eina heild. Listakonan Sara Riel segir að verkið hafi m.a. tilvísun í umhverfið þar sem ólíkir einstaklingar skapa eina heild og samfélag. Hún segir að það hafi verið stórkostlegt að kynna hinu alþjóðlega samfélagi í efra Breiðholti og eiga samtál við íbúa um verkið. Það hafi jafnframt komið sér ánægjulega á óvart hversu margir fuglar voru í nágrenni við hana þegar hún vann að verkinu.

Upphaf þessa liggur hjá borgarráði sem ákvað á síðasta ári að fjölga listaverkum í opinberu rými í Breiðholti og er verkið hluti af því átaki sem hefur fengið nafnið Vegglist í Breiðholti. Verkefninu er ætlað að breiða út list í opinberu rými utan miðborgarinnar, þessa hverfið og skapa umræðu. Alls verða fimm veggmyndir eftir fjóra listamenn komnar í Breiðholtið á næstu mánuðum og átta veggmyndir eftir ungmenni á aldrinum 17 til 20 ára.

## Fjórir listamenn og átta ungmenni

Verk Söru Riel er önnur vegg-



Sara Riel vinnur að veggmynd sinni í Asparfelli

myndin sem verður afhjúpuð í Breiðholti en síðasta haust var veggmynd eftir Theresu Himmer afhjúpuð á Jórufelli 2 til 12. Tvö verk eftir Erró verða sett upp í Breiðholti á næstunni og fjórði listamaðurinn hefur verið valinn til að gera veggmynd í efra Breiðholtið og verður nafn hans tilkynnt innan tíðar. Átta ungmenni hafa einnig verið valin í sumar til að gera veggmyndir í Breiðholti undir handleiðslu listamanna og birtast

þau í hverfinu á næstu vikum. Listasafn Reykjavíkur hefur haft umsjón með verkefninu sem hefur verið unnið í samráði við íbúa í Breiðholti og hverfisráð. Listasafnið er einnig að setja upp tvö verk eftir Ásmund Sveinsson í Seljahverfið. Verkið Fýkur yfir hæðir eftir Ásmund verður staðsett við Seljakirkju og verkið Móðir mín í kví kví verður sett upp við Seljatjörn.

Stígvél á alla fjölskylduna fyrir útileguna í sumar



STÍGVÉLABÚÐIN

**NOKIAN**  
FOOTWEAR

Álfabakka 14a í Mjódd • 109 Reykjavík • Sími: 527 1519

# Breiðholtsblaðið

**Auglýsingasími: 511 1188**



# Frí

sólgler með styrkleika  
fylgja kaupum á gleraugum

**MJÓDDIN** Álfabakka 14  
Sími 587 2123

**FJÖRÐUR** Fjarðargötu 13-15  
Sími 555 4789

**SELFÖSS** Austurvegi 4  
Sími 482 3949



**augastaður**

Gleraugnaverslunin þín

# VIÐTALIÐ

# Hef átt því láni að fagna að kynnst góðu fólki

**Y**fir 300 manns sóttu kveðjuguþjónustu séra Valgeirs Ástráðssonar í Seljakirkju sem haldin var sunnudaginn 25. maí sl. en hann lætur nú af störfum sóknarprests sökum aldurs. Valgeir hefur þjónað Seljasókn frá upphafi. Hann var skipaður fyrsti sóknarprestur þar frá 1. september árið 1980. Seljahverfið var þá enn í byggingu. Samfélagið var að mótast jafnt sem umhverfið og því mörg verkefni sem lágu fyrir nýjum sóknarpresti. Engin kirkja var í hverfinu og allt starf safnaðarins einkenndist af aðstöðuleysi til að byrja með þótt úr því rættist. Breiðholtsblaðið spjallaði við Valgeir á dögnum og fékk hann til að rifja upp nær 35 ára sögu með íbúum Seljahverfisins. Plássins vegna var aðeins unnt að stikla á stóru í þessari löngu samstarfsögu prests sem hófst í hálfbyggðu hverfi og lýkur nú í einu af grónustu borgarhlutum Reykjavíkur.

Séra Valgeir er Reykvíkingur. Alinn upp í Laugarnesinu. Barnflesta hverfi Reykjavíkur á þeim tíma eins og hann kemst að orði. Leið hans lá í Menntaskólann í Reykjavík og þaðan í guðfræðideild Háskóla Íslands. En kom aldrei neitt annað til greina í hans huga en taka að sér preststarf og helga kirkjunni starfsæfi sína. „Þannig var að ég dvaldi um tíma í Bandaríkjunum og fékk þar mikinn áhuga á kirkjustarfi sem hefur fylgt mér síðan. Ég varð fljótt virkur í stofnunum kirkjunnar og því hef ég komið nokkuð víða við og tekið þátt í störfum ýmissa hópa og nefnda.“

## Köllun að takast á við nýtt verkefni

En var preststarfið aldrei langt frá. „Þegar ég var að ljúka guðfræðinámi var staðan með þeim hætti að það vantaði presta til starfa hjá kirkjunni þannig að maður gat valið úr ýmsu. Ég sótti um starf prests á Eyrarbakka þar sem ég átti átta góð ár. Ég var nokkuð kunnugur í Árnassýslu einkum í uppsveitunum og þótt Eyrarbakki sé niður við sjó þá er ég ekki frá því að þessi tengsl við Suðurland hafi ýtt nokkuð undir að ég sótt þar um starf. Ég kunni vel við mig á Eyrarbakka en þegar auglýst var eftir presti í Seljahverfi – hálfbyggðu hverfi í Reykjavík þar sem ekki hafði verið sókn og því síður kirkja greip mig köllun að takast á við það verkefni að bygja þessa nýju sókn upp. Ég var

knúinn áfram af hugsuninni um skyldu. Mér fannst ég verða að gera þetta. Á þessum tíma voru almennar prestkosningar við lýði og við vorum tveir sem sóttum um. Hinn umsækjandinn var séra Úlfar Guðmundsson sem verið hafði prestur í Ólafsfirði um tíma og svo skemmtilega vildi til að hann tók við af mér á Eyrarbakka og átti þar mörg farsæl ár í starfi. Ég varði einum mánuði til þess að kynna mig í hverfinu. Ég gekk á milli húsa og talaði við fólkið sem var að koma sér fyrir á nýjum heimilum og leit flest björtum augum til framtíðarinnar. Ég kynntist fólkinu og viðhorfum þess. Rætt var um flest á milli himins og jarðar en ekki sist áhuga og elju þessa fólk sem var að koma sér fyrir í nýju hverfi. Ég held að þessi ganga um Seljahverfið sé eitthvert besta námskeið sem ég hef farið á.“

## Starfið var á byrjunarreit

Um haustið 1980 var Valgeir komin á nýjan stað í lífinu. Orðinn prestur í tæplega tveggja mánaða gamalli sókn í borgarhverfi í hraðri uppbyggingu en með enga aðstöðu til prestsskapa eða annarra kirkjustarfa. „Starfið var allt á byrjunarreit. Sóknin hafði verið stofnuð í júlí og starfsaðstaðan var engin. Eitt af fyrstu verkunum var að fá lánað húsnæði fyrir skrifstofu og fyrsta árið voru guðsþjónusturnar haldnar í sal fyrir ofan kjörbúðina við Seljabraut 54. En síðar var farið að messa í Ölduselsskóla. Við komum fljótlega barnastarfi á fót því Seljahverfið var eitt barnflesta hverfi borgarinnar á þessum tíma og meðalaldur hverfisbúa var aðeins 19 ár. Það sýnir vel hvernig aldursamsetningin var. Hverfið byggðist upp af ungu fólki með börn og eldri borgarar voru sjaldséðir fyrstu árin þótt það hafi breyst í tímans rás. Við byrjuðum með barnaguðsþjónustur sem við höldum á tveimur stöðum í hverfinu sem voru strax ákaflega vel sóttar. Ég man að oft komu nokkur hundruð börn á hverjum sunnudagsmorgni. Þetta þýddi að við urðum að kalla marga til þess að koma að kirkjustarfinu og það stóð ekki á Seljabúum að leggja kirkjunni lið. Aðkoman og aðstaðan í Seljasókn var þó alveg sú sama og annarsstaðar í Breiðholtinu. Seljasóknin var yngst en hinar voru að ganga í gegnum sambærilegar aðstæður. Hverfið byggðist mjög hratt og fólksfjöld-



Séra Valgeir Ástráðsson.

inn var mikill. Einn prestur var í hverri sókn til þess að byrja með en það var fásinna að ætla einum manni að annast það starf sem byggðist upp og beið. En auðvitað urðum við að axla það til að byrja með en ég var svo heppinn að fá fljótt margt yndislegt fólk til þess að starfa með. Sóknarnefndin var mjög áhugasöm og öflug. Það hjálpaði mér einnig mikið og skólástjórnarnir í hverfinu þau Áslog Friðriksdóttir og Hjalti Jónasson hófu samstarf við kirkjuna sem var mjög gagnlegt á báða vegu og mér er ljúft að geta þess að það samstarf hefur haldist með nýjum stjórnendum.“

## Fjölnota kirkjumiðstöð

Seljakirkja er með sérstæðari kirkjum landsins. Hún samanstendur af nokkrum sjálfstæðum einingum eða húsum sem býður upp á ákveðna möguleika til fjölbreytni í öllu kirkjustarfi. Valgeir segir þá hugsun að kirkjan eða kirkjusamstaðan yrði fjölnota hafa ráðið ríkjum strax í upphafi. „Þegar við vorum komin af stað með að móta safnaðarstarfið var farið að huga að kirkjubyggingu. Nefnd var sett á fót til þess að undirbúa málið og vinna því framgang. Hún var ákaflega virk, vann vel og sú hugmynd mótaðist fljótt að um einskona kirkjumiðstöð yrði að ræða. Við skipulögðum þetta þannig að sú bygging sem risi af grunni mynd nýtast til fjölbættrar kirkjustarfsemi. Við lögðum mikið upp úr því að þarna risi þjónustumið-

urnýjun hafi eðlilega átt sér stað. Fólkið sem byggði hverfið er fastheldið á heimkynnin sín og nú er búið að koma tveimur öldrunarstofnunum á fót í Seljahverfi; Árskógum og Seljahlíð. Þessi þróin hefur orðið til þess að kirkjan hefur þurft að víkka starfsemina út og ná til fleiri aldurshópa. Auk starfa með börnum- og æskulýðs störfum við mikið með eldri borgurum bæði fólki sem er enn í fullu fjöri og býr á heimilum sínum og einnig þeim sem hafa orðið þörf fyrir að búa á stofnunum og erum bæði stolt af því starfi og þakklát fyrir að geta innt það af hendi.“

## Þakklátur fyrir tækifærið

En hvað er Valgeir efst í huga nú þegar hann er að láta af störfum sem sóknarprestur. Hann segir það fyrst og fremst þakklæti fyrir það tækifæri sem hann hafi fengið við að byggja þessa sókn upp og starfa með íbúum Seljaherfis. „Ætli ég sé ekki sá einstaklingur sem þekki flesta hverfisbúa og þá miða ég ekki síst út frá þeim fjölda barna sem ég hef skírt og fermt. Fermingarnar voru kafli út af fyrir sig. Fólk fannst ekki annað viðeigandi en að ferma börnin í kirkju. Á meðan við áttum enga kirkju var oft úr vöndu að ráða. Flestar fermingar fara fram á sama tíma og því gat verið erfitt að finna lausa kirkju til þess að ferma. En við mættum gestrisni og fengum að nota flestar kirkjur til þess að ferma. Ég líkti þessu stundum við för Ísraelsmanna í eyðimörkinni. Útlitið var ekki alltaf gott en það hafði ist að lokum. Börnin voru fermd í kirkjum. Fermingarnar og það sem þeim fylgir fermingarfræðslan útheimti mikið starf. Einkum framan af því þá var fjöldinn svo mikill. Oftast var ég einn að verki á þeim árum en síðar hafa starfað hér fleiri prestar eins og kunnugt er og verkin dreifst á fleiri herðar. En þetta þjappaði fólki saman og hjálpaði til við alla uppbygginguna. Hvort sem um kirkjubyggingu var að ræða eða safnaðarstarf. Allt þetta þjappaði fólkinu saman.“

## Íbúarnir mega vera stoltir

Eftir 34 ára búsetu og prestskap í Seljahverfi hefur Valgeir fengið mikla yfirsýn yfir mannlíf. Hann hefur fylgst með byggðinni vaxa frá moldarhaugum og húsrúnum til eins grónasta borgarhluta Reykjavíkur. Hann segir aldrei annað hafa hvarflað að sér en að búa í hverfinu. „Ég byggði mitt eigið hús og tók einnig á þann hátt þátt í lífi íbúanna. Seljahverfið er um margt sérstakt. Það er skipulagt sem ein heild. Mörk þess eru ákaflega skýr og að minni hyggju mega íbúar þess vera stoltir af byggðinni sinni og þakklátir fyrir hversu vel hefur tekist. Hverfið er mjög gróíð í hvað skilningi sem við beitung. Ég hef líka átt því láni að fagna að hafa kynnst mörgu góðu fólki á þessum tíma í Seljahverfinu. Í svo miklu fjölmenni eru gleðitilvikin mörg og margt til að gleða hugann. En það eru líka margir þætt-

A hjálpsmanum 1717 starfa sérjafnlega og jafnboðaður sem eru alltaf til háls

Líður þér illa í hjartanu?

**1717**

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

**Slökkvitækjaþjónustan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélag - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!



Séra Valgeir Ástráðsson talar til sóknarbarna í kveðjuguðsþjónustu í Seljakirkju á dögnum.

ir sem þarf að taka á sem ekki eru þægilegir. Það sem einkennir starf prestsins er að hann kemur inn í líf fólks á stórum stundum – bæði stundum gleði og stundum sorgar. Þannig kynnist hann öllu lítrófi mannlífsins. Við höfum fengið að sjá marga góða hluti

verða að veruleika. Það þýðir þó ekki að brekkan hafi alltaf verið niður á við. Hún hefur stundum legið upp í móti og við höfum þurft að upplifa erfið og sorgleg tilvik. Þegar fólk stendur frammi fyrir erfiðleikum kemur best fram hversu trúin er nauðsynleg-

ur þáttur í mannlífinu. Ég tel að aldrei verði gert of mikið úr mikilvægi þess að börn fái tækifæri til þess að alast upp við trúrækni," segir Valgeir Ástráðsson þegar hann lætur nú af störfum sem fyrsti sóknarprestur Seljasóknar.

# Nýjar sumarvörur

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Matur og vín:

## RÉTTUR MÁNAÐARINS

### Grilluð kjúklingaspjót satay

1 kg kjúklingalundir eða bringur skornar niður.  
Látið marinera í 100 ml af kókosmjólk og 1 msk turmerik í a.m.k. klukkustund.  
Gott er að láta spjótin / grillpinnana liggja í vatni áður en kjúklingurinn er þræddur upp á þau.

#### Satay sósa –

hægt að gera fyrirfram og hita upp áður en borið er fram

- 150 g hnetusmjör
- 1 msk soya sósa
- 1 msk sykur
- 1 tsk chilliflögur
- 1 tsk ferskt engifer smátt saxað
- 1 tsk hvítlaukur smátt saxaður
- 1 tsk fiskisósa
- 150 ml kókosmjólk
- Safi úr einni límónu

Allt hráefni er sett í pott hitað að suðu og látið malla við miðlungs hita þar til sósan er farin að þykkna, u.þ.b. 10 mín.  
Borið fram með hrísgrjónum og fersku salati

Uppskrift fyrir 4



Við mælum með effirarandi vini við þennan rétt:

**Mamma Piccini rauðvín – 75 cl**  
– 1.590 kr –  
Ítalía / Toskana

Kirsuberjarautt, meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungstannín. Skógar ber, lyng, vanilla.

**Mamma Piccini hvítvín – 75 cl**  
– 1.590 kr –  
Ítalía / Toskana

Sitrónugult. Létt fylling, þurrt, ferskt. Ljós óvöxtur, sítrus, steinefni.

### Réttur mánaðarins

Rétt mánaðarins leggur til Þorvaldur Egilson sem hefur langa og góða reynslu í eldamennsku þar sem hann hefur annast matreiðslu meðal annars á Hótel Gíg, KEA Akureyri auk þess sem hann starfrækti Hreðavatnsskálann í ein 8 ár þar sem margir rétta hans nutu mikilla vinsælda.

# Hvers virði er Elliðaárdalurinn

Hvers virði er Elliðaárdalurinn nefnist rannsóknarverkefni á vegum Reykjavíkurborgar um virði Elliðaárdalsins stendur yfir í sumar með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Könnun á notkun Elliðaárdalsins er hluti af rannsóknarverkefninu og mun hún standa yfir í júlímánuði. Katrín Svana Eyþórsdóttir meistaranemi í Umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands vinnur að rannsókninni í sumar.

Í umhverfis- og auðlinda-stefnu í aðalskipulagi Reykjavíkur kemur fram að tryggja eigi lífsgæði borgarbúa með því að meta auðinn sem felst í náttúru og hreinu umhverfi. Tilgangurinn með því að meta þjónustu náttúrunnar er að efla hana og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Könnunin er byggð upp á ákveðinni aðferðafræði sem er beitt við hagrænt mat á virði náttúru. Aðferðafræðin felst

í því að setja upp ímyndaðar aðstæður fyrir ákveðið svæði og fólk er beðið um að gefa upp hversu mikið það væri tilbúið að greiða fyrir slíkar aðstæður. Aðferðin er fremur ný af nálinni á Íslandi en hefur áður verið notuð erlendis og einnig sem hluti af heildstæðu verðmætamati á Heiðmörk. Hún er verkfæri sem margar þjóðir hafa nýtt sér þegar kemur að verndun grænna svæða og nýtingu. Elliðaárdalur í Reykjavík er borgargarður og hluti af grænu beltinu sem nær frá Öskjuhlíð, eftir Fossvogsdal og upp í Heiðmörk. Fjöldi fólks nýtir sér dalinn til útivistar og er hann jafnframt vel nýtt samgönguæð göngu- og hjólræiðafólks. Þar má finna fjölmargar tegundir íslenskra plantna og varpflugla, og villtur lax gengur í Elliðaár. Árnar hafa verið nýttar til raforkuframleiðslu í hartnær 100 ár og skógur verið ræktaður í dalnum í liðlega 60 ár.

# Tvær stórar Errómyndir á veggi í Breiðholti



Tölvugerð mynd af verki Erró eins og það mun koma til með að líta úr á vesturgafflinum við Álfthóla 4 til 6.

Myndir Erró munu þekja tvo stóra veggi í Breiðholtinu innan tíðar. Annars vegar er um að ræða bogadreginn vegg ípróttahússins við Austurberg en hins vegar 24 metra háan vesturgaffil íbúðablokkarinnar við Álfthóla 4 til 6. Erró gefur Reykjavíkurborg höfundarverk sín og verða verkin til þess að breiða út list í opinberu rými utan miðborgarinnar, fegra Efra-Breiðholt og auka stolt íbúanna af nærumhverfi sínu.

Erró er heiðursborgari Reykjavíkur og hefur í gegnum tíðina sýnt Reykjavíkurborg og Listasafni Reykjavíkur einstakan rausnarskap með því að gefa safninu verk sín. Það er mikill fengur að fá varanlegt listaverk eftir þennan heimsfræga listamann í almenningsrými í borginni. Verk eftir Erró hafa verið sýnd á mörgum helstu söfnum Evrópu og víða um heim. Veggmyndir hans prýða merkar bygg-

ingar í mörgum borgum og hafa reynst mikið aðdráttarafl og aukið umhverfisgæði þar sem þær hafa verið settar upp. Áætlað er

að kostnaður vegna framleiðslu og uppsetningar á verkum Errós verði um 38,8 m.kr.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Óskar Dýrmondur Ólafsson hverfisstjóri í Breiðholti.

## Borgarstjóri heimsótti Breiðholtið

Nýr borgarstjóri í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, gerði sér ferð í Breiðholt þriðjudaginn 18. júní – á fyrsta starfsdegi sínum í embætti, en hann tók við lykjavöldum í Ráðhúsinu af Jóni Gnarr mánudaginn 16. júní.

Dagur heimsótti meðal annars

þjónustumiðstöð Breiðholts og félagsstarfið í Gerðubergi þar sem hann heilsaði upp á þátttakendur í starfinu sem gerðu sér glaðan dag að venju. Þá fundaði borgarstjóri einnig með Óskari Dýrmondur Ólafssyni hverfisstjóra í Breiðholti.

[breidholt.is](http://breidholt.is)

Fixa snyrti- og fótaaðgerðastofa

Tímamantanir í síma 849-9620



Parabakki 3, Mjódd, gegnið inn hjá Curves líkamsæktarstöð  
Sími: 849-9620

**HÁGÆÐI.IS**  
**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**  
**FLÍSLAGNIR.IS**



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070



**Þín verslun**  
*Seljabraut*

# Glæsilegir vinningar fyrir glæsileg tilþrif

Í Vegabréfinu eru átta spennandi Minute to Win It – Ísland þrautir og auk þess geturðu fengið tvær til viðbótar með því að safna stimplum. Á vegabréfaleikur.is getur þú sent inn myndband af fjölskyldunni að leysa þrautirnar og unnið glæsilegan vinning.

**Ekki vera feimin. Þú gætir unnið þennan glæsilega Samsung Galaxy S5 snjallsíma!**



Sæktu Vegabréfið og veldu þraut

Veldu flokk og taktu myndband

Sendu inn á vegabréfaleikur.is



Sýningar hefjast á SkjáEinum næsta haust

Hluti af ferðasumrinu



# Sumar í félagsmiðstöðvunum

Mikið líf og fjör er hjá félagsmiðstöðvunum í Breiðholti í sumar. Krakkarnir hafa tekið þátt í námskeiðum, farið í kynnisferðir, rekið kaffihús og margt fleira. Í sumar var sú nýbreytni tekin upp hjá Frístundamiðstöðinni Miðbergi að halda úti LIKE síðu á Facebook þar sem reynt er að miðla upplýsingum um starfið á skilvirkan hátt til foreldra og annarra sem hafa áhuga á því að fylgjast með starfi Miðbergs.

Allir foreldra eru hvattir til þess að smella LIKE á síðuna og fylgjast þannig betur með því starfi sem boðið er uppá. Fyrir sem og nú eru Miðberg einnig með heimsíðu, midberg.is, þar sem hægt er að nálgast allar frekari upplýsingar um starfið. Breiðholtsblaðið forvitnaðist um sumarstörfín í Miðberg og hjá félagsmiðstöðvunum.

## Kaffihús í Miðbergi **Spennandi námskeið fyrir 10 til 12 ára**



Í sumar hefur hópur ungmenna verið að reka kaffihús í Miðbergi. Opið er á fimmtudögum og föstudögum frá kl. 11 til kl. 14 og er boðið upp á frábæran mat á lágmarksverð oftast um 500 kr.

Í síðustu viku var til að mynda hamborgari, piknik og kók í dós á aðeins 500kr. Kaffihúsið verður starfandi áfram út júlí, síðasta opnun verður 25. júlí. Mætingin hefur verið vonum framur og stemningin er virkilega góð. Við hvetjum alla Breiðhylltinga til þess að líta við og styrkja þetta skemmtilega verkefni sem setur svo sannarlega lit á hverfið okkar góða.

Í sumar eru spennandi námskeið í boði á vegum Miðbergs fyrir börn á aldrinum 10 – 12 ára. Hafa börnin brallað ýmislegt skemmtilegt í sumar eins og skellt sér í hvalaskoðun, bogfimi, ratleiki, hjólaferðir, vatnsstríð, sund og fleira skemmtilegt.

Mest hefur verið leitast við að stunda skemmtilegar tólmstundir úti. Úrhelli hefur nú ekki oft stöðvað krakkana áfram í námskeiðunum en þó hefur stund-

um þurft að breyta dagskránni vegna veðurs. Krakkarnir eru síhressir og til í allt svo hver dagur ætti að hafa verið skemmtilegur. Í næstu viku dagana 14. til 18. júlí verður spennandi vikunámskeið í boði fyrir börn á aldrinum 10 til 12 ára sem heitir Sköpun, smíðar og útivist. Skráning á námskeiðið er inná raf-rænni Reykjavík eins og fyrir hin námskeiðin.



## Veggjalistarhópur 16 ára og eldri

Í sumar hefur einnig verið starfandi veggjalistarhópur fyrir ungmenni eldri en 16 ára.

Þeirra stærstu verkefni eru að skreyta helstu undirgöng hverfisins og ættu íbúar hverfisins nú þegar að vera búnir að reka augun í fallega skreytt undirgöng.

Til að mynda verða undirgöngunum milli Miðbergs og Breiðholtslaugar máluð sem fallegur frumskógur. Setur þetta verkefni skemmtilegan og sérstæðan svip á hverfið okkar í heild, enda virkilega hæfileikaríkir Breiðhylltingar að verki.



[www.midberg.is](http://www.midberg.is)



# Ævintýramennska, ferðir og fjör

Eins og önnur sumur hefur verið blómlegt sumarstarf fyrir bæði börn og unglinga í boði í Breiðholti á vegum félagsmiðstöðvanna og frístundaheimilanna.

Opið hefur verið í tveimur félagsmiðstöðvum í senn tvö kvöld í viku þar sem hefur verið boðið uppá skipulagða dagskrá eins og á vetrardagskránni. Hefur mikið verið um grill, útileiki, bæjarferðir og fleira. Frístundaklúbburinn Hellirinn hefur einnig verið á ferð og flugi í sumar. Þau hafa gert

margt spennandi í hverfinu sem og farið utan hverfisins í hinar ýmsu ævintýraferðir, til að mynda á Gullfoss og Geysi. Frístundaheimilin hafa haft ævintýranámskeið í boði og bæði farið um allan bæ sem og dundað sér í styttri ferðum í hverfinu eins og spennandi vettvangsferðir í Elliðaárdal. Þau hafa gert ýmislegt skemmtilegt, t.d. að fara á söfn, veiða, siglingarnámskeið, sundferðir, gönguferðir og margt margt fleira. Myndir segja meira en þúsund orð.



## Fjörliðar í Hólmaseili og Hundraðogellefu

Fjörliðarnir er vinnuhópur nokkurra unglinga sem voru að klára 9. bekk, bæði úr félagsmiðstöðinni Hundraðogellefu og Hólmaseili.

Hafa þau sinnt ýmsum störfum og brallað ýmislegt saman undir stjórn leiðbeinenda félagsmiðstöðvanna.



### Sumarstarf Vio12

Vikuna 14.-18. júlí verður boðið upp á vikunámskeið fyrir 5., 6. og 7. bekk sem kallast;

**Sköpun, Smíðar og Útivist**

Verð fyrir vikuna er 5000kr

Skráning fer fram í gegnum

[www.rafraen.reykjavik.is](http://www.rafraen.reykjavik.is)

Á námskeiðinu munum við meðal annars læra að smíða kassabíla, hjóðfæri, skratþgripí, að tálga og margt fleira ☺

Mæting í Miðberg



# Fjölmenningsamfélagið Fellaskóli

Í Fellaskóla eru um 330 nemendur þar af eru um 67% sem búa við annað móðurmál á heimili en íslensku. Áherslur í Starfsáætlun Fellaskóla 2014 til 2015 endurspeglar það fjölmenningsamfélag sem skólinn starfar í en þar kemur fram að framtíðarsýn Fellaskóla er: Allir á heimavelli. Einkunnarorðin eru virðing, ábyrgð, vinsemi. Í skólanum er litið svo á að menningarlegur fjölbreytileiki auðgi skólalíf og lögd er áhersla á að virðing sé borin fyrir upruna og menningu einstaklinga.

Skólinn leggur áherslu á að setja nemandann í öndvegi, rækta jákvæð viðhorf og samkennd og skapa með því gott námsumhverfi. Lögd er áhersla á að byggja upp sterka sjálfsmýnd nemenda og stuðla að jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu fyrir jöfnu manngildi allra. Það er skólanum keppikefli að nemendur yfirgefi skólann glaðir og tilbúnir til að takast á við lífið segir í starfsáætlun.

Nýlega er búið að endurnýja skólalóð Fellaskóla og skemmst er að minnast þess þegar allir nemendur skólans og starfsfólk unnu myndlistaverkið Litróf þar sem hver nemandi og starfsmaður málaði einn staf í grindverkinu framan við skólann í sínum lit. Endurspeglar verkið m.a. þá fjölbreytni og fjölmenningu sem er innan skólans.

## Tvítýngi og skólalíf

Skólalíf byggir á einstaklingsmiðuðum kennsluháttum þar sem námsefni er lagað að þörfum nemenda. Sérstök áhersla er lögð á að starfsmenn hafi skilning og faglega þekkingu á málefnum sem varða nemendur sem búa við annað mál á heimili og þjálfist í vinnubrögðum sem lúta að þjónustu við þá. Íslenskunám nemenda sem búa við annað mál á heimili er því ekki einkamála innflytjendakennara heldur allra sem starfa með nemendum.

Skólinn hefur lögum samkvæmt sett sér áætlun um móttöku nýrra nemenda (kafli 9.15.1 í Skólánámskrá - sjá [www.fellaskoli.is](http://www.fellaskoli.is)). Þar kemur m.a. fram að bæði nemandi og foreldri eru boðaðir í móttökuvíðtal í skólanum þar sem boðið er upp á þjónustu túls. Fyrir víðtalið er upplýsinga aflað um bakgrunn nemenda s.s. fyrra nám. Í víðtalinu er foreldrum afhentur upplýsingabæklingur á tungumáli nemanda, auk þess sem skólalámskrá Fellaskóla hefur verið þýdd á fjögur erlend tungumál þ.e. tagalog, pólsku, ensku og dönsku.

Foreldrum býðst aðstoð við að innrita nemendur í skólann auk þess sem skólinn hefur um nokkurra ára skeið staðið fyrir íslenskunámskeiðum fyrir foreldra þar sem áhersla hefur verið lögð á tengingu við skólalíf samanber námskeið sem haldin voru á leikskólanum Öspinni síðastliðinn vetur. Kristín Jóhannesdóttir skólalámskrá telur samstarfið við foreldra afar mikilvægt. Þeir þurfi að eiga hlutdeild í námi barna sinna, sýna því áhuga og tala fallega um skólann.

## Framfarir nemenda á samræmdum prófum

Umræða um niðurstöður PISA rannsóknar hafa verið til umræðu síðustu vikur en þar komu nemendur úr Fellaskóla illa út. Fram kemur í víðtali Kolbeins Tuma Daðasonar við Hildi B. Svavarsdóttur í Vísi 27. júní síðastliðinn að mismikil þátttaka hafi verið meðal nemenda í prófinu eftir skólum þannig að á meðan nær allir 15 ára nemendur þreyttu prófið í Fellaskóla hafi einungis hluti nemenda þreytt prófið í

öðrum skólum og hafi það áhrif á niðurstöðuna. Kristín skólalámskrá segir niðurstöður PISA könnunarinnar vekja spurningar sem skólalámskrá og foreldrar þurfi að spyrja sig en bendir jafnframt á að PISA sé fyrst fremst ætlað að mæla árangur af skólakerfum og bera þau saman en ekki meta árangur einstaka skóla innan sama kerfis.

Fram kemur í víðtalinu við Hildi að niðurstöður samræmdra prófa í Fellaskóla sýni mjög góðar framfarir nemenda milli ára og aukið starf í 1. og 2. bekk sé að skila góðum árangri en þar hafa nemendur fengið lengri skólalíf og notið samfellds skóla- og frístundastarfs þar sem áhersla er lögð á markvissa málörvun, læsi og félagsfærni nemenda. Lestur og lestrarþjálfun og heimalestur í fyrstu fjórum bekkjum grunnskóla er sem kunnugt er einn af lykilþáttum árangurs í námi. Þjálfun sem nemendur með íslensku sem annað mál eiga oft erfitt með að fá aðstoð við heima.

## Móðurmálskenndla í Fellaskóla

Á laugardögum iðar allt af lífi í Fellaskóla en þá fer fram kenndla í móðurmáli hjá fjölmörgum móðurmálshópum sem tilheyra annarsvegar Pólska skólanum og hinsvegar fjölmörgum móðurmálshópum innan Móðurmáls-samtaka um tvítýngi. Rannsóknir hafa sýnt að góður grunnur í móðurmáli er lykillinn að árangri í öðru tungumálanámi. Í umfjöllun um Móðurmál í síðasta blaði kom fram að til stendur að vinna námskrá um Móðurmálskenndla sem vonir standa til að verði hluti af aðalnámskrá grunnskóla. Markmiðið er að nám í móðurmáli verði metið sem hluti af námi í grunnskóla og fari fram í skólunum á skólatíma.

## Áherslur Fellaskóla

En hverjar eru áherslur Fellaskóla í móðurmálskenndla? Kristín segir umræðuna um móðurmálskenndla nemenda sem hafa annað móðurmál vera að aukast hérlandis og sé íslenska sem annað mál og virkt tvítýngi ein af þremur meginstöðum í nýrri stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningslegt skóla- og frístundastarf. Í aðalnámskrá grunnskóla segi að mikilvægt sé fyrir sjálfsmýnd nemenda „að tekið sé tillit til þekkingar þeirra og færni í eigin móðurmáli og nauðsynlegt að þeir viðhaldi því“ (aðalnámskrá grunnskóla, 2011 bls. 106). Í Fellaskóla býðst nemendum staðnám og fjarnám í pólsku á vegum Tungumálavarsins í Laugalækjarskóla og stunda þeir það nám oft í stað dönsku. Þá eru einhverjir nemendur skólans sem sækja einnig móðurmálsnám í Fellaskóla á laugardögum.

## Þróunarverkefni í Fellaskóla

Fellaskóli tekur þátt í fjölmörgum þróunarverkefnum og er m.a. í samstarfi við breska skólalámskrá John Morris sem hefur fengið fjölmargar viðurkenningar fyrir sín störf m.a. sem besti skólalámskrá Bretlands. John hefur unnið með nokkrum skólum í Reykjavík að því að þróa góða og einstaklingsmiðaða kennsluhætti og bekkjarbrag þar sem viðurkennt er að nemendur eru misfljótir að ná settum markmiðum.

## Flókið starfsumhverfi

Kristín Jóhannesdóttir skólalámskrá segir fjölbreytt starf eiga sér stað innan skólans og telur mikilvægt að styðja og hvetja kennara til hverskonar fúmkvæðis og nýbreytistarfs



Nemendur úr sjötta bekk Fellaskóla á liðnum vetri.

sem miðar að því að mæta betur þörfum nemenda og stuðla að aukinni velgengni þeirra í námi. Meðal aðferða sem skólinn vinnur eftir eru Byrjendalæsi, Orð af orði og PALS auk aðferða sem innleiddar hafa verið í samstarfi við John Morris. Í Fellaskóla starfar

afar öflugur starfsmannahópur sem leggur sig fram um að skilja og koma sem best til móts við þarfir nemenda. Starfsumhverfið er óneitanlega nokkuð flókið og hef ég því stundum sagt að kennarar í Fellaskóla þurfi að vera tilbúnari til að takast á við fjöl-



Kristín Jóhannesdóttir skólalámskrá Fellaskóla.

breyttari úrlausnarefni en eru í öðrum skólum segir Kristín. SGK

## Hvað er PISA

Reykjavíkurborg hefur birt opinberlega niðurstöður PISA rannsóknar 2012 eftir skólum. Í niðurstöðunum kemur fram að reykjavískir grunnskólanemar koma í heildina best út sé árangur eftir landshlutum skoðaður. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar leggur mikla áherslu á að greina þau gögn sem verða til um námsárangur og líðan nemenda í því skyni að starfsfólk grunnskóla hafi góðar upplýsingar til að byggja umbætur og þróun í skólalífinu á. PISA rannsóknir eru einkum notaðar til þess að vinna samanburð á stórum heildm nemenda en varast ber að draga of sterkar áætlanir af þeim þegar einstakir skólar eiga í hlut.

Í frétt frá Reykjavíkurborg kemur fram að Niðurstöður úr PISA hafa verið nýttar í því skyni að miðla upplýsingum þótt að PISA-rannsóknin sé fyrst og fremst hönnuð til þess að gera áreiðanlegan samanburð hjá fjölmönnum hópum nemenda, þ.e. samanburð á menntakerfum landa. Þátttaka í PISA er valfrjáls og svarhlutfall misjafnt eftir skólum. Í fréttinni segir að óvissan sem felst í notkun PISA niðurstöðna fyrir hvern og einn skóla sé því mun meiri en t.d. í samræmdum könnunarprófum sem tekin eru árlega í íslenskum grunnskólum og ber að hafa þá staðreynd í huga við túlkun niðurstöðna. Í fréttinni kemur einnig fram að reykjavískir grunnskólanemendur hafi í heildina staðið sig einna best sé árangur eftir landshlutum skoðaður. Auk þess megi í greiningu á niðurstöðum einstakra skóla sjá að talsvert margir reykjavískir skólar hafi fengið niðurstöðu sem jafnast á við þau lönd sem hæst skorðu í PISA rannsókninni 2012. Munur á meðaltali reykjavískra skóla er í nokkrum tilvikum tölfræðilega marktækur en þrátt fyrir það sýna niðurstöður PISA 2012 að munur eftir skólum er langsamlega minnstur í íslenska skólakerfinu að Reykjavík meðtalinni. Það merkir að jöfnuð milli grunnskóla hér á landi er með allra mesta móti í heiminum. Einnig má geta þess að niðurstöður um skólalíf og líðan nemenda í grunnskólum voru sérlega jákvæðar, bæði fyrir Reykjavík og landið í heild. Skoða má niðurstöður PISA könnunarinnar á vef Reykjavíkurborgar. Slóðin er: [http://reykjavik.is/sites/default/files/afrit\\_af\\_reykjavik\\_medaltol\\_haefnist-hrep\\_fra\\_namsmatsstofnun.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/afrit_af_reykjavik_medaltol_haefnist-hrep_fra_namsmatsstofnun.pdf)

VILTU KOMAST AÐEINS ÚT ÚR BÆNUM?



Lífræna Systrasamlagskaffið með lífrænni mjólk. Borið fram í niðurbjótanlegum umbúðum. Það gerist ekki betra!



Nærandi sálarfæða Systrasamlagsins; samlokur, þeytingar, skot, croissant og margt fleira.



Sápurnar frá Dr. Bronner eru 100% náttúrulegar, lífrænar, ilma dásamlega, fair trade og henta allri fjölskyldunni.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI  
Við sundlauginu og World Class.  
[www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
Sími: 511 6367



AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 9 - 18  
Laugardagar 10 - 16

# Ólafur Jóhann sækist eftir kjöri sóknarprests í Seljasókn



Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson prestur í Seljasókn.

Prestkosningar verða í Seljasókn 16. ágúst næst komandi en séra Valgeir Ástráðsson er að láta af embætti eftir 34 ára prestskap í sókninni. Umsækjendur eru þrír; Ólafur Jóhann Borgþórsson prestur í Seljasókn, Hans Markús Hafsteinsson prestur og Fritz Már Jörgenson guðfræðingur.

Ástæður þess að efnt verður til prestkosninga eru þær að eftir að valnefnd mælti með Ólafi Jóhanni Borgþórssyni presti í Seljasókn í embætti sóknarprests tók biskup Íslands ákvörðun að auglýsa það til umsóknar að nýju. Ástæður þess munu eiga sér rætur í jafnréttismálum þar sem konur með lengri starfsreynslu en Ólafur Jóhann voru á meðal umsækjenda en valnefnd hafnaði þeim. Samkvæmt lögum getur hópur fólks í viðkomandi prestakalli óskað eftir prestkosningum með undirskriftum sem varð raunin eftir að biskup ákvað að framlangja umsóknarfrestinn. Á þriðja þúsund manns óskaði með þeim hætti eftir prestkosningunni.

## Var yngsti prestur landsins

Ólafur Jóhann Borgþórsson tók við prestsstarfi við Seljakirkju í byrjun árs 2007 þá aðeins 25 ára gamall og var um skeið yngsti prestur landsins. Hann er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum og á stærkar taugar til heimahaganna sem og til Eyjafjarðar þar sem hann dvaldist í sveit á bernsku- og ungdómsárum. Ólafur Borgþór tók snemma ákvörðun um að læra guðfræði og hefur

starfað sem prestur og einnig að öðrum málefnum kirkjunnar síðan hann lauk námi.

## Fólkið kemur aftur

Ólafur er búinn að starfa í Seljasókn í á áttunda ár. Hann segist ekki merkja miklar breytingar enda um gróna byggð að ræða. „Ég hef vissulega kynnst byggðinni og fólkinu á þessum tíma en á ytra umhverfinu er ekki um stórar breytingar að ræða. Fólki kemur og fer og það hefur orðið hér eins og annarsstaðar. Fólki eldist og annað kemur í staðinn en mér finnst áberandi hversu fólki liður vel hér. Ég veit um margt fólk sem hefur alist upp hér í Seljahverfinu og leggur mikla áherslu á að búa hér áfram. Fólki hefur flutt tímabundið. Ef til vill vegna námsdvalar eða fest kaup á fyrstu eign annarsstaðar en sækist eftir að koma til baka og ala börnin sín upp í gamla og góða hverfinu sínu.“

## Fjölbreytnin opnar kirkjudyrrnar fyrir fleirum

Kirkjustarfið hefur tekið breytingum á undanföllum árum. Ólafur segir þetta fjölbreytta starf opna kirkjudyrrnar fyrir fleirum og lækki þröskuldinn að sumu leyti. Félagsstarfið sé miðað við hin ýmsu áhugasvið fólks og myndi þannig ákveðna hópa. „Við getum tekið ungmennastarfið sem dæmi. Það höfðar sérstaklega til ungmenna í efri bekkjum grunnskólans. AA fundir miðast við þá sem styðjast við þau samtök og mynda með sér félagskap

til þess að halda sér frá neyslu áfengis. Tónlistarlífið myndar líka hópa. Hér fer fram biblíufræðsla þar sem rætt er um Biblíuna og kenningar hennar. Guðfræðilegir fyrirlestrar höfða til sumar en ekki annarra þótt þeir hafi mikil fræðslugildi og svona mætti áfram telja. En hvað sem segja má um starfseminna þá er grundvöllurinn alltaf hinn sami að fræða og boða kristna trú.“

## Byggðavitundin er sterk

Ólafur kveðst hafa alist upp við sterka byggðavitund í heimaþé sínum Vestmannaeyjum þótt stærðarmunurinn sé allnokkur. Þessa byggðavitund upplifi hann að nokkru leyti í Seljahverfi. „Seljahverfið ótrúlega barnvænt og raunar hefur allt Breiðholtíð svo marga góða kosti einkum fyrir fólk með börn. Skólastarfið er gott. Leikskólastarfið einnig og þetta er allt unnið af gríðarlegri fagmennsku. Maður heyrir varla gagnrýnisraddir eða verið sé að tala illa um skólastofnanirnar í Breiðholti. Svo eru tvö dvalar- og hjúkrunarheimili hér í Seljahverfinu; Áskógar og Seljahlíð sem við sinnum líka vel, höfum guðsþjónustur einu sinni í mánuði og sinnum öðru starfi fyrir íbúa þessara heimila.“ Ólafur segir vel búið að flestu sem sé mikilvægt á erfiðum tímum sem reynt hafi á ýmsan hátt á marga. Við þær aðstæður sé mikilvægt að stoðþjónustan sé til staðar hvort sem er af hálfu borgar, kirkjunnar eða annarra sem kom að því að veita hana.“

# Stuttmyndagerð í Hólabrekkuskóla



KKH/Rafn, Anton og Sigurgeir með verðlaunagripinn fyrir 1. sætið, á myndina vantar Ásgeir.

Nemendur okkar í 10. bekk, Anton Karl Kristensen, Rafn Atli Hermannsson og Sigurgeir Óskarsson tóku þátt í stuttmyndakeppni grunnskólanna Taka 2014 undir góðri leiðsögn Engilberts Imsland grunnskólakennara.

Mynd þeirra Who Knew vann

til 1. verðlauna í flokki stuttmynda. Myndin er eftir Anton Karl og Ásgeir, leikendur í myndinni eru Rafn og Sigurgeir. Anton Karl var leikstjóri og klippari myndarinnar. Alls voru það tuttugu og fjórar myndir sem kepptu í flokknum.

VEIDIKORTID  
2014  
Eitt kort  
36 vötn  
6.900 kr  
www.veidikortid.is

**HÁRLAUSNIR**  
Hársnyrtistofa  
Háteigisvegi 2 - 105 Reykjavík  
**Herraklipping**  
kr. 3.750.-  
Tímamantanir í sími 552 1345

**Breiðholtsblaðið**

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

borgarblod.is

[www.breiðholt.is](http://www.breiðholt.is)



Fréttamenn fylgjast með peningaafhendingunni.

## Í starfskynningu á Kleppi

Tveir hópar úr valgreininni starfskynningar í Ölduselsskóla fóru í heimsókn á Klepp í vetur og fengu frábæra kynningu á starfsemi Kleppsspítala, geðsjúkdómum og forvörnum.

Það var móðir nemanda í 10. bekk sem bauð nemendum í þessa góðu heimsókn en hún starfar á öryggisdeild spítalans sem sjúkraliði. Heimsóknin hafði mikil áhrif á nemendur sem í þakkætisskyni vildu safna fyrir

deildina og söfnuðust 70 þúsund krónur á vorhátíðinni sem haldin var í maí. Þann 27. maí fóru nemendur í nemendaráði 10. bekkjar á Kleppsspítala, afhentu peningagjöfina og var boðið í veglegt kökuboð í tilefni dagsins. Fréttamenn frá Ríkissjónvarpinu og Fréttablaðinu voru á staðnum til að fylgjast með þessum glæsilegu ungmennum sem skólinn er ákaflega stoltur af.

## Bragur fluttur við útskrift í Breiðholtsskóla

Skemmtilegur bragur var fluttur við útskrift 10. bekkinga úr Breiðholtsskóla á liðnu vori. Að vanda fluttu skólastjóri, fulltrúi nemenda og fulltrúi foreldra ávörp við útskriftina og nemendur sáu um tónlistaratriði.

Veittar voru viðurkenningar fyrir námsárangur, kennarar sungu fyrir nemendur og að lokum var sest að veisluborði þar sem foreldrar lögðu til veisluföng. Hér má sjá braginn sem sunginn var við lagið „Þegar sólin á vormorgni.....“.



Frá útskrift í Breiðholtsskóla.

Þau eru að kveðja svo indæl og góð, af þessu tilefni syngjum við ljóð. Mörg hafa í tíu ár tritlað hér um, talsvert við munum frá skólaárunum.

Stærðfræðisjenfin sjá má víst enn sundkappa, fiðlara og talgefna menn Félagsmálatróllin oft fara á kreik frábærir krakkar sem bregða á leik.

Til hamingju með áfangann allt gangi í hag með ánægju og gleði við munum þennan dag. Gæfan ykkur fylgi og gætið að því við gamla skólann seinna viljum fá ykkur í.

Metnaðarfull eru mörg af þeim hér mikið þau læra og standa sig vel. Klukkan er erfið þeim, aldrei með þras en óskapa voðalegt skelfingar mas.

Í tæknimálunum vinna þau víst og vandaðar ljósmyndir taka ekki síst. Úti á þekju sitja sumir og má sannlega banka fast dyr þeirra á.

Til hamingju með áfangann allt gangi í hag með ánægju og gleði við munum þennan dag. Gæfan ykkur fylgi og gætið að því við gamla skólann seinna viljum fá ykkur í.

Í frímínútum þau fús hjálpa til og fótbolta kapparnir sparka onum til. Á gítar og horn eru gríðarleg spil þeim gekk allt í Fjölbaut svo mikið í vil.

Í skólahreysti kepptu það ágætast er einnig er plötusnúður magnaður hér. Hurðaspörk og skelli við heyrum þeim frá Þau hafa í námínu tekið vel á.

Til hamingju með áfangann allt gangi í hag með ánægju og gleði við munum þennan dag. Gæfan ykkur fylgi og gætið að því við gamla skólann seinna viljum fá ykkur í.

Framtíðarráðamenn finnast svo hér farmenn og málara sjáum við hér. Lækni og kennara, lögregluþjón lögfræðinga og svo kannski hjón.

Þið eruð minnisstæð, masgefin, hress myndarlegur hópur er segir nú bless. Hjálpsöm og dugleg þið haldið á leið Hamingjuóskir og leiðin sé greið.

Til hamingju með áfangann allt gangi í hag með ánægju og gleði við munum þennan dag. Gæfan ykkur fylgi og gætið að því við gamla skólann seinna viljum fá ykkur í.

Sigurjóna Björgvinsdóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hinrik Valsson

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

## Nýsköpunarkeppni, Himingeimurinn og Hárið í Seljaskóla

Fjórir nemendur úr Seljaskóla komust í úrslit nýsköpunarkeppninnar á liðnu vori og tóku þátt í vinnusmiðju í HR. Það voru Dagur Kári Guðnason og Gissur Þór Magnússon með hugmyndina „Boltavekjari“ sem er vekjaraklukkan hlaðin tæknibúnaði að hætti þeirra félaga.

Þessi hugmynd vakti verðskuldaða athygli fyrir tæknilausnir og sérlega frumlega kynningu. Fyrir þessa hugmynd fengu þeir sérstök „tækniverðlaun“, bikar sem kenndur er við Paul Johannsson stofnanda keppninnar og afhenti hann sjálfur verðlaunin. Bjarni Dagur Svansson og Óliver Úlfar Helgason tóku einnig þátt með uppfinninguna „Tröppugangandi hjólastóll“. Þessi hugmynd á að auðvelda aðgengi fatlaðra um stiga og er ætlað sem ódýrari lausn en lyftur. Þeir fluttu kynningu á sínu verki sem tókst með prýði. Að lokum má geta þess að Óliver aðstoðaði Forseta Íslands við að opna sýninguna formlega.

Af öðrum verkum nemenda Seljaskóla má nefna þáttöku þeirra í sýningunni „Himingeimurinn“

en alls mættu um 100 manns á sýninguna. Segja má að sýningin sé konfekt fyrir augað og hafi slegið í gegn og sjá mátti bros og stolt á hverju andliti. Sýningin var krökkunum til mikils sóma og hvatning til frekari sköpunar. Þá má nefna að nemendur í söng- og leiklistarvali Seljaskóla settu upp sýninguna Hárið á vordögum. Æfingar stóðu yfir frá áramótm og var sýningin afrakstur þeirrar vinnu.



Frá sýningunni Himingeimurinn í Seljaskóla.

www.tattoo.is

CLASSIC TATTOO  
REYKJAVÍK

Ópið 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga

tattoo@tattoo.is

simi: 7722171

Arnarbaki 2

www.breidholt.is

**Breiðholtsblaðið**

**Auglýsingasími:**  
**511 1188 & 895 8298**  
borgarblod@simnet.is

**Viðhaldsfriar**

# ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfriiri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfriar“ þakrennur. Rennurnar frá Gróvík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna. Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

**Hágæða**  
**Varmaskiptasamstæður**  
**lofttræstistokkar og tengistykki**

**HAGBLIKK ehf.**

Smiðjuvegi 4C  
Box 281 202 Kópavogur  
Sími 587 2202 Fax 587 2203  
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

# Vinnuskólinn

Margt er að gerast í Vinnuskóla Reykjavíkurborgar í Breiðholti þessa dagana. Breiðholtsblaðið fór á stúfana og spjallaði lítilliga við nokkra krakka sem þar eru að störfum. Myndirnar segja meira en orð um starfið í Vinnuskólanum.

**Selma Rún Friðjónsdóttir í**

**10. bekk Breiðholtsskóla**

*Hvað eru ykkar helstu verkefni?*

Reita arfa, týna rusl og flokka.

*Hvað er skemmtilegast við vinnuna?*

Félagsskapurinn og sú staðreynd að maður er að gera gott fyrir borgina.

*Eitthvað að lokum?*

Ég hvet alla sem geta til að vinna á þessum frábæra vinnustað.

**María Mjöll Hrafnisdóttir í**

**10. bekk Breiðholtsskóla**

*Er fólkið í hverfinu mikið að spyrja ykkur út í vinnuna og segja ykkur til?*

Já það kemur fyrir, fyrr í dag komu eldri hjón til okkar og hrósuðu okkur fyrir vel unnin störf.

**Hafsteinn Snær Þorsteinsson í**

**10. bekk Breiðholtsskóla**

*Hvað er skemmtilegast við vinnuna?*

Félagsskapurinn og að hlusta á tónlist á meðan maður vinnur.

*Þín helstu verkefni?*

Reita arfa og gera borgina fallegra.

**Guðný María Torfadóttir í**

**9. bekk Ölduselsskóla**

*Hvað eru þín helstu verkefni í vinnunni?*

Reita arfa, laga til inn í skólanum.

*Er fólkið í hverfinu mikið að spyrja ykkur út í vinnuna og segja ykkur til?*

Verkstjórnin, hann er mjög skemmtilegur og að vera öll saman og hafa gaman í vinnunni.

*Er fólkið í hverfinu mikið að spyrja ykkur út í vinnuna og segja ykkur til?*

Ekki margir sem labba hér fram hjá en þeir sem hafa gert það hafa hrósað okkur.

**Haraldur Bjarni Davíðsson í**

**9. bekk Ölduselsskóla**

*Ef þú myndir lýsa Vinnuskólanum í einu orði?*

Frábær.

**Natanael Demissew Ketema í**

**9. bekk Ölduselsskóla**

*Er vinnan öðruvísi en þú bjóst við?*

Já, aðeins öðruvísi.

*Hvað er skemmtilegast við Vinnuskólann?*

Pásurnar.

*Ættarðu að koma aftur til vinnu á næsta ári?*

Já algjörlega.



Myndirnar voru teknar í Vinnuskólanum einn þurran dag fyrir skömmu.



**ALLTAF FULLT BORD  
AF FERSKUM FISKI  
OG FISKRÉTTUM**

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS  
MJÓDD

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

Opið alla daga  
frá kl. 11 til 23.

**Kebab  
eXpress** 

Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

**Coca-Cola**



Sjötti flokkur Leiknis sem fór á Shellmótið í Eyjum.

## Sambasveifla á Shellmóti

Sjötti flokkur Leiknis hélt á Shellmótið í Vestmannaeyjum í síðustu viku. Nokkur ár eru síðan Leiknismenn tóku þátt í Shellmótinu og því spennu í hópnum. 17 vaskir Leiknisstrákar héldu í þetta ferðalag ásamt fjölmennri sveit foreldra sem studdi vel við bakið á strákunum. Leiknisliðin tvö spiluðu hvort fyrir sig alls 10 leiki og voru strákarnir til fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Á föstudag var svo hinn róm-  
aði leikur þar sem Landslið og

Pressulið Shellmótsins mættust á Hásteinsvelli. Davíð Júlían Jónsson og Leon Andri Hauksson voru valdir úr röðum Leiknis og voru félaginu til sóma. Luku svo bæði lið mótinu á laugardag og áttu það bæði sameiginlegt að hafa spilað flottan fótbolta alla dagana þrjá. Frábærir dagar í Eyjum tóku svo loks enda. Líttleikandi Leiknisstrákar sem geisluðu af leikgleði, samstöðu og jákvæðni kvöddu eyjuna fjöggu grænu þegar stigið var uppí Herjólf og haldið heim í Efra-Breiðholt.

## Leiknir og HK í kvöld



Marki fagnað!

Meistaraflokkur Leiknis hefur farið vel af stað í 1. deildinni þetta árið en liðið er sem stendur á toppnum með 20 stig að loknum níu leikjum.

Síðasti leikur Leiknis var gegn sterku liði Þróttar þar sem okkar strákar unnu góðan 3-0 útsigur. Mörkin skorðu Hilmar Árni, Kristján Páll og Sindri Björnsson.

Í kvöld, fimmtudaginn 10.júlí, kemur HK í heimsókn á Leiknis-

völl. Leikurinn hefst kl. 20.00 og hvetjum við alla Breiðhyllinga til að fjölmenna á Leiknisvöll. Um að gera mæta snemma og fá sér bestu vallarborgara á Íslandi áður leikurinn hefst. HK eru sterkt lið en þeir sitja sem stendur í þriðja sæti deildarinnar. Búast má því við hörkuleik og stuðningur Breiðhyllinga skiptir miklu máli.

Áfram Leiknir !!

## Ungir Leiknismenn skrifa undir samninga við Leikni

Sjö ungir og efnilegir Leiknismenn rituðu undir samning við félagið á dögunum. Leikmennirnir sem um ræðir eru; Birkir Björnsson sem þegar hefur leikið nokkra deildarleiki fyrir Leikni og er fæddur 1993. Hrannar Bogi Jónsson sem hefur vakið athygli fyrir fína frammistöðu í vetur og Frymezim Veselaj, fæddur 1995 sem margir hafa hrifist af í vetur. Þessir þrjú kappar verða í herbúðum Leiknis í sumar.

Hinir fjórir sem rituðu undir samning en það voru Friðjón

Magnússon og Daði Bærings Halldórsson sem enn eru á 2. fl aldri og þeir leika með KB í sumar. Loks rituðu félagarnir Skúli Bragason og Kristján Hermann Þorkelsson undir samninga. Kristján Hermann er senter og er í æfingahópi Leiknis og Skúli Bragason leikur í vörn Einherja á Vopnafirði en æfir með Leikni í sumar. Allt eru þetta framtíðarleikmenn félagsins og því afar ánægjulegt að þeir séu bundnir klúbbum sínum til næstu tveggja ára. Þeir hafa farið í gegnum afreksstarf Leiknis og Krónunnar.

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

# Dætur Breiðholts frábærar á Landsbankamóti Tindastóls

Dætur Breiðholts fjölmennu hjá sameinuðu liði kvenna hjá ÍR/Leikni norður í Skagafjörð Helgina 27. til 29. júní. Þar var haldið hið árlega Landsbankamót Tindastóls fyrir stelpur í 5.-til 7.flokki. ÍR/Leiknir sendi til leiks fjögur lið úr 6. og 7. flokki eða nánar til tekið í 6.B, 7.A, 7.B og 7.D. Breiðhyllingarnir mættu snemma norður og hertóku besta svæðið á tjaldstæðinu og var mikill samhugur meðal foreldra.

Á laugardegnum hófu stelpurnar leika við fyrsta hanagal. Þar var ljóst að þær ætluðu að selja sig dýrt og til að auka samhug meðal þeirra tóku nokkrar mömmur til sig og fléttuðu stóðið og máluðu í margskonar litum. Baráttan var til fyrirmyndar og í lok fyrri keppnisdags trónaði lið 7.A á toppnum og stelpurnar í 7.B voru í fjórða sæti. Stúlkurnar fóru sigurreifar í kjarngóðan kvöldmat áður en þær höfðu sig til og marseruðu á epíska kvöldvöku. Þar fór heimamaðurinn Auðunn Blöndal fyrir hersveit þotuliðsins og taldi í skagfirski slagara. Með honum voru meistarnir Jón Jónsson og Steindi nokkur Jr. Okkar stúlkur tóku vel undir þegar lagið um glaðasta hundinn ómaði um Skagafjörðinn og voru afar lúnar þegar þær lögðst á



Dætur Breiðholts sem fóru á Landsbankamótið á Króknum.

koddann eftir viðburðaríkan dag.

### Að vera Breiðholtinu til sóma

Á sunnudeginum fór ekki framhjá neinum að stelpurnar ætluðu að vera Breiðholtinu til sóma. Þær héldu uppteknum hætti og börðust eins og ljón um allan völl. Þegar dómarnir blés lokafaut mótisins þá var ljóst að stelp-

urnar í 7.A voru sigurvegarar í sinni keppni. Þær unnu alla leikina og sýndu frábæra takta. Hin liðin okkar stóðu sig frábærlega en komust þó ekki í efstu þrjú sætin. Mikið var fagnað og var gaman að sjá stelpur úr öllum öngum Breiðholts fallast í faðma og hrósa hvor annarri. Dætur Breiðholtsins geta verið stoltar eftir afrakstur helgarinnar.

## Úrval af nýjum ÍR- og Leiknisvörum



# Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

# ÍR-ingar í landsliðshópum í sex íþróttagreinum

Öflugt uppbyggingarstarf ÍR-inga á undanförunum árum er heldur betur að sýna sig í frábærum árangri ÍR-inga í mörgum íþróttagreinum.

Á undanförunum vikum og mánuðum hafa ÍR-inga verið valdir í landslið eða unglíngalandslið Íslands í sex mismunandi íþróttagreinum eða til keppni á Norðurlanda-, Evrópu-, eða Heimsmeistararamótum.

## Knattspyrna:

Efnilegur knattspyrnumaður úr ÍR, Máni Arnarson var valinn til þátttöku í landsliðsúrtaði 14 ára og yngri í júní og stóð sig frábærlega í æfingabúðum sem liðið tók þátt í.

## Handknattleikur

Handknattleikskonan Sigrún Ása Ásgrímsdóttir var valin til að leika með unglíngalandsliði Íslands 18 ára og yngri í handbolta á Opna Evrópumótinu í byrjun júlí. Vonandi á Sigrún Ása eftir að leiða ungt meistara-flokkslíð ÍR til góðra verka á komandi tímabili.

## Körfuknattleikur:

Hinn stórefnilegi Hákon Örn Hjálmarsson lék með unglíngalandsliði 15 ára og yngri á Opna Kaupmannahafnarmótinu í körfuknattleik. Hákon Örn var stigahæsti leikmaður liðsins í öllum leikjum þess en liðið tapaði fyrir sterku liði Svía í úrslitaleik mótsins. Matthías Orri Sigurðsson og Ragnar Örn Bragason sem báðir leika með meistara-flokk ÍR í körfuknattleik voru valdir í 20 ára unglíngalandslið Íslands sem tók þátt í Norðurlandamótinu í júní og stóðu sig mjög vel, en liðið vara aðeins hársbreidd frá sigri í mótinu en endaði að lokum í þriðja sæti.

## Skíði:

Skíðamaðurinn efnilegi Sigurður Hauksson tók þátt í Heimsmeistaramóti unglínga á skíðum í febrúar og stóð sig með sóma.

## Keila:

Hinn efnilegi Einar Sigurður Sigurðarson keppir á Heimsmeistaramóti 23 ára og yngri í Hong Kong í júlí og fimm ÍR-konur hafa verið valdar til undirbúnings fyrir Heimsmeistaramótið í keilu árið 2015. Þær eru Guðný Gunnarsdóttir, Linda Hrónn Magnúsdóttir



U15 unglíngalandsliðið í körfuknattleik með Hákon Örn Hjálmarsson ÍR-ing innanborðs.



U20 ára unglíngalandsliðið í körfuknattleik með ÍR-ingana Matthías Orra Sigurðsson og Ragnar Örn Bragason meðal liðsmanna.

ir, Ástrós Pétursdóttir, Katrín Fjöla Bragadóttir og Bergþóra Rós Ólafsdóttir. Þær taka allar þátt í undirbúningsmóti í London í ágúst.

## Frjálsar:

Í júní náði landslið Íslands í frjálsíþróttum þeim merka áfanga að fara upp um deild í Evrópukeppni landsliða. Helmingur íslenska landsliðsins í keppninni var skipaður ÍR-ingum eða 15 af 30 liðsmönnum. Að eitt lið eigi svo hátt hlutfall landsliðsmanna er einsdæmi í frjálsíþróttasögu Íslands. ÍR-ingarnir í landsliðinu voru þessir: Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir, Aníta Hinriks-

dóttir, Kristín Birna Ólafsdóttir, Björg Gunnarsdóttir, Ívar Kristinn Jasonarson, Einar Daði Lárusson, Juan Ramon Borges, Ari Bragi Kárason, Hlynur Andrés-son, Arnar Pétursson, Kári Steinn Karlsson, Guðmundur Sverrisson, Stefán Árni Hafsteinsson, Mark Johnson og Hilmar Örn Jónsson. Krister Blær Jónsson keppti með landsliði Íslands í Evrópukeppni landsliða í tugbraut í byrjun júlí. Þá keppa Aníta Hinriksdóttir og Hilmar Örn Jónsson á Heimsmeistaramóti unglínga 19 ár og yngri í júlí en þau eru bæði á meðal fimm bestu í heiminum í sínum greinum.

## Aníta og Hilmar Örn á Junioren Gala

Aníta Hinriksdóttir og Hilmar Örn Jónsson voru meðal keppenda á DLV Junioren Gala eins og tvö undanfarin ár en þau hafa hlotið verskuldaða athygli þar fyrir árangur sinn og framgöngu. DLV Junioren Gala er eitt stærsta unglíngaboðsmótið í frjálsíþróttum og fór fram í Mannheim 5. til 6. júlí sl. Alls fóru sex keppendur frá Íslandi.

Aníta hljóp bæði 400 m og 800 m en Hilmar kastaði sleggjuinni. Jón, faðir Hilmars var einn af þjálfur-

unum en einnig kepptu Jóhann Björn Sigurbjörns-son UMSS í 200 m og 400 m hlaupi, Kolbeinn Höður Gunnarsson UFA einnig í 200 m og 400 m hlaupi, Sindri Hrafn Guðmundsson FH í spjótkastrí og Vigdís Jónsdóttir FH í sleggjukasti. Öll nema Vigdís verða síðan meðal keppenda á HM ungmenna í Eugene í Oregon í Bandaríkjunum síðar í júlí og var mótið í Mannheim mikilvægur hluti af lokaundirbúningnum fyrir það mót.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur  
Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
Tölvupóstur: ir@ir.is  
Heimasíða: ir.is

## Nýtt blað brotið í frjálsíþróttasögunni

Landslið Íslands í Frjálsíþróttum skrifaði nýtt blað í íslenskrí frjálsíþróttasögu í Evrópukeppni landsliða í frjálsíþróttum sem fram fór í Georgíu dagana 21. og 22. júní sl. Markmiðið var að komast upp um deild í Evrópukeppni landsliða og varð það að veruleika á mótinu. Um helmingur keppendanna og þjálfaranna komu úr ÍR. „Þetta er tímamóta-árangur hjá íslenska liðinu sem stóð sig frábærlega,“ segir Fríða Rún Þórðardóttir varaformaður frjálsíþróttadeildar ÍR.

Óf langt mál er að tíunda allan árangur ÍR-inganna á mótinu en hér verður stiklað á stóru. Guðmundur Sverrisson sigraði spjótkastrí með 73,13 m sem þó er nokkuð frá hans besta. Aníta Hinriksdóttir sigraði sinn riðil í 800 m. Hún hljóp á 2:02,70 mín. og varð langfyrst. Hún hljóp þó ekki alveg nógu hratt til að sigra hlaupið en það gerði keppandi Albaníu sem hljóp á 2:00,90 mín. Aníta kom síðan 2. í mark í 1500 m, á tímanum 4:18,49 mín, sigurvegarinn frá Albaníu hljóp á 4:08 mín en hún á best rétt um 4 mínútur.

Hilmar Örn Jónsson byrjaði keppnina vel fyrir íslenska liðið en hann varð í 3. sæti í sleggjukasti með 65,88 m og varð í 3. sæti sem er frábær árangur hjá þessum 18 ára pilti.

Kristín Birna Ólafsdóttir setti frábæran tón í kvennakeppni landsliðsins með 2. sæti í 400 m

grindahlaupi. Hún hljóp á 59,55 sek sem er finn árangur og hennar besta í ár en hún átti best 60,94 sek síðan í Amsterdam í maí.

Einar Daði Lárusson varð 5. í 110 m grindahlaupi, hljóp á tímanum 14,70 sek tími hans er alveg við hans ársbesta og vindurinn var +1 m/sek og því vel innan löglegra marka. Einar Daði stökk einnig hástökk og varð í 7. sæti, hann stökk yfir byrjunarhæð sína, 1,90m en feldi síðan 2 m. Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir, varð þriðja í 100m en hún hljóp á 11,82 sek í löglegum vindi og bæting úr 12.07 sek síðan árið 2013

Kári Steinn Karlsson varð í 3. sæti í 5000 m á tímanum 14:55.02 mín og í 5. sæti í 3000 m hlaupinu á 8:29,63 mín. Ívar Kristinn Jasonarson hljóp 400 m grindahlaup og varð í 5. sæti á tímanum 53,27 sek. Hann átti best 55,35 sek síðan á Vormóti ÍR þar sem hann hljóp við mjög góðar aðstæður

Karlasveitin í 4 x 100 m boðhlaupi, skipuð þeim Juan Ramon Borges ÍR, Ara Braga Kárasynir ÍR, Kolbeini H. Gunnarsson UFA og Jóhann Björn Sigurbjörns-son UMSS, gerði sér lítið fyrir og setti glæsilegt Íslandsmet í 4 x 100m boðhlaupi 40,84 sek. Konurnar í 4 x 100 m boðhlaupinu komu í 2. sæti í mark á 46,44 sek en þær Björg Gunnarsdóttir og Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir báðar í ÍR, Hafdís Sigurðardóttir og Steinunn Erla Davíðsdóttir skipuðu sveitina.

## Fimmtíu ÍR-ingar á Ullevi

Fimmtíu unglíngar frá ÍR tóku þátt í Gautaborgarleikunum sem fram fóru á hinum sögufræga Ullevi leikvangi í Gautaborg helgina, 28. til 29. júlí Um 3500 keppendur frá 20 löndum tóku þátt í þessu stærsta frjálsíþróttamóti sem haldið er árlega á Norðurlöndum. Frá 1995 hafa ÍR-ingar farið í reglulegar keppnisferðir með stóra hópa til Svíþjóðar og ferðin núna sú tíunda í röðinni.

Árangur hópsins var mjög góður og samtals voru 142 persónuleg met bætt. Ellefu sinn-

um komust ÍR-ingar í A úrslit og fjórum sínum í B úrslit. Í sjö tilfellum voru einstaklingar í hópnum að vinna sér sæti í Úrvalshópi FRÍ með árangri sínum. ÍR-ingarnir unnu til fjögurra verðlauna á mótinu sem er frábær árangur á svo sterku móti. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir varð þriðja í 200m hlaupi 13 ára stúlkna á 26,55 sek. Tiana Ósk Whitworth varð önnur í langstökki 14 ára stúlkna með 5,17m og Bjartur Snær Sigurðsson vann til silfurverðlauna bæði í kúluvarpi og spjótkastrí með 14,81m og 52,11m köstum.

Heimasíða  
www.ir.is



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

# GEGGJAÐ TILBOÐ!



Gos\* 0,5 L og samloka .... **398 kr.**

Gos\* 0,5 L og langloka .... **498 kr.**

\*Pepsi, Pepsi Max, Kristall Mexican Lime, Mountain Dew og Appelsín



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland